



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang fsu@fsu.is • Veffang www.fsu.is

Stofnana samningur

milli Fjölbautaskóla Suðurlands (FSU) og Félags opinberra starfsmanna á Suðurlands (FOSS), skv. ákvæðum kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 9. mars 2019.

1. Gildissvið

Samningur þessi tekur til þeirra félagsmanna FOSS sem starfa hjá FSU. Samningur þessi er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra dags. 1. apríl 2019 með síðari breytingum.

2. Skilgreining starfsheita og röðun í launaflokka

Við röðun í launaflokka skal fyrst og fremst miða við viðvarandi og stöðugt verksvið þannig að við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í samræmi við það. Eftifarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvert starfsheiti.

2.1. Starfsheiti

Grunnröðun

2.1. Starfsheiti og launaflokkur

| | |
|------------------------|----------------|
| Stuðningsfulltrúi | Launafokkur 15 |
| Vaktmaður í Odda | Launafokkur 14 |
| Vaktmaður í lõu | Launafokkur 15 |
| Matráður | Launafokkur 15 |
| Ræstingastjóri | Launafokkur 15 |
| Bókavörður | Launafokkur 16 |
| Umsjónarmaður í lõu | Launafokkur 16 |
| Umsjónarmaður húseigna | Launafokkur 18 |
| Skólafulltrúi | Launafokkur 17 |
| Skrifstofustjóri | Launafokkur 19 |

3. Viðbótarflokkar á grunnaunum

Þættir samkvæmt greinum 4, 5, 6 og 7 eru metnir, eftir því sem við á, til launahækkunar til viðbótar grunnaunum, enda séu þeir ekki innifaldir í skilgreiningu á starfsheitum og röðun þeirra í launaflokka, sbr. grein 2.1.

4. Starfsreynsla

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá FSU skal hækka um launaflokk sem hér segir:

- 1 árs starfsreynsla; hækjun um einn launaflokk,
- 3 ára starfsreynsla; hækjun um einn launaflokk,
- 6 ára starfsreynsla; hækjun um einn launaflokk,
- 10 ára starfsreynsla; hækjun um einn launaflokk.

Heimilt er að meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er hún talin til starfsreynslu hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti.

AEB
JL
WS
DCH



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang fsu@fsu.is • Veffang www.fsu.is

5. Fyrri menntun

Hafi starfsmaður hlotið menntun sem ekki er tekið tillit til í grunnröðun starfs, skal meta eftirfarandi menntun sem hér segir (ath. að einungis hæsta menntunarstig sem nýtist í starfi er metið):

- Nám á framhaldsskólastigi (a.m.k 90 einingar) eða annað starfsnám s.s. stuðningsfulltrúi, félagsliði, leikskólaliði eða annað starfsnám sem nýtist í starfi einn launaflokkur.
- Starfsmaður sem lokið hefur stúdentsprófi eða sveinsprófi skal hækka um tvo launaflokka.
- Starfsmaður með iðnmeistarapróf skal hækka um þrjá launaflokka.
- Starfsmaður sem lokið hefur diplómagráðu á háskólastigi sem samsvarar einu skólaári (38-60 ECTS) og nýtist í starfi skal hækka um þrjá launaflokka.

6. Starfsnám – símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, og/eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka m.v. grunnröðun sem hér segir:

- Eitt launaþrep eftir samtals 60 kennslustundir.
- Eitt launaþrep eftir samtals 120 kennslustundir.
- Eitt launaþrep eftir samtals 200 kennslustundir.

7. Starfstengdir og einstaklingstengdir þættir.

Ef starf krefst viðvarandi aukinnar ábyrgðar eða hæfni umfram skilgreiningu í starfsheti er heimilt að taka tillit til þess við röðun starfsmanns á þrep. Sama gildir ef starfsmaður sýnir að jafnaði mjög góða framistöðu og hæfileika í starfi eða býr yfir sérstakri þekkingu umfram þær kröfur sem gerðar eru við ráðningu hans eða í starfslýsingu og sú þekking nýtist honum í starfi. Heimilt er að hækka starfsmann um 1-4 launaþrep ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni (s.s. græn skref)
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan

Leggja skal fram í samstarfsnefnd, ef þess er óskað, skrifleg rök þar sem kemur fram hvaða forsendna er verið að taka tillit til.

Tímabundnar hækkanir vegna breyttra vinnuaðstæðna eru launaþreps hækkanir.

8. Annað.

Undirritaðar starfslýsingar liggja fyrir.

Um meðferð ágreiningsmála og hlutverk samstarfsnefndar fer skv. kjarasamningi aðila.

Reglur um greiðslur fatapeninga gilda frá 1. janúar 2007.

ÁRB
OK
VS